

BÓKA- OG BÍÓHÁTÍÐ 2016

Bóka- og bíóhátíð barnanna í Hafnarfirði stóð yfir dagana 15-21. febrúar 2016 þegar hún var haldin í fyrsta skipti að ákvörðun fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Verkefnið var í umsjá fræðslu- og frístundaþjónustu bæjarins en leitað var samstarfs við aðra aðila, innan bæjar (Bókasafn Hafnarfjarðar, Hafnarborg, Byggðasafn Hafnarfjarðar) og utan (Bæjarbíó, Fjörður). Undirbúningshópur hélt sex fundi frá 7. janúar til 3. mars vegna skipulagningar hátíðarinnar. Frá fræðslu- og frístundaþjónustu voru í undirbúningshópi þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla og forstöðumaður Vinnuskólans.

Undirbúningshópurinn hófst þegar handa við að semja dagskrá fyrir hátíðina. Jafnframt var ákveðið að búa til lógó fyrir hátíðina (sjá hér til hliðar) þar sem var hannað og teiknað af Guðna R. Björnssyni. Ánægja var með lógóið/merkið. Jafnframt hannaði Guðni veggspjald (viðauki 1) og dreifibréf (viðauki 2) fyrir hátíðina út frá hönnun lógósins. Við hönnun merkisins var tekið mið af merki Hafnarfjarðar (vitinn) og tengslunum við sjóinn (bláu línurnar) auk tenginga við bækur og kvikmyndir sem „hölluðu sér“ upp að vitanum.



Þegar dagskrá fyrir hátíðina var skipulögð var lögð áhersla á að hver stofnun og samtök legði til atriði í hátíðina eins og viðeigandi þætti og fjármagn væri til staðar. Hver aðili innan bæjarins varð að standa straum af eigin kostnaði sjálfur. Viðburðir á vegum Bæjarbíós voru hins vegar greiddir af sérstakri fjárveitingu sem veitt var af fræðsluráði til hátíðarinnar en alls voru 700.000 kr. veittar til hátíðarinnar. Fjármagnið var nýtt til fullnustu, til Bæjarbíós, lestrarsendiherranna og til hönnunar og kynningarstarfs hátíðarinnar. Aðsókn að dagskrárliðum hátíðarinnar var sem hér segir:

Verkefni	Fjöldi
Leikskólasýningar (8 alls)	Um 800 börn á fjórum dögum
Bókasafn Hafnarfjarðar:	
- Örsögur	3
- ratleikur	14
- útlánaleikur	128
- bingó	20
- sagan okkar	13 efnisþættir
- í ljóðasamkeppni	0 á þessum tíma
Bíósýningar Bæjarbíós:	
- Lína langsokkur	180
- Benjamín dúfa	180
- Englar alheimsins	45
- Múmínálfarnir	280
- Hrafnar, sóleyjar og myrra	80
- Djöflaeyjan	80
Bóka- og býttimarkaður í Firði	10 að selja, um 10-20 að kaupa til viðbótar
Smiðja í Hafnarborg	25 fullorðnir, 30 börn samanlagt 55
Verkefni í leik- og grunnskólum	Átti við alla nemendur, ekki skráð sérstaklega

Þá voru í tengslum við hátíðina tilnefndir lestrarsendiherrar Hafnarfjarðar. Þeir voru Fanndís Friðriksdóttir, knattspyrnukona, og Friðrik Dór Jónsson, tónlistarmaður. Þau komu fram á opnunardagskrá hátíðarinnar sem haldin var þriðjudaginn 16. febrúar kl. 10.30 í Bæjarbíó með einum leikskólahópnum sem sótti dagskrá fyrir sig þann daginn auk þess sem 2. bekkur Lækjarskóla mætti á opnunin sérstaklega. Hugmyndin með lestrarsendiherrunum var að styðja við læsisverkefni grunnskólanna og minna á að lestur er samfélagslegt verkefni þar sem allir bæjarbúar eru hvattir til lestrar -- ekki síst foreldrar að styðja við lestur barna sinna.

Eftirfarandi sjónarmið komu fram eftir hátíðina hjá undirbúningshópnum.

Neikvætt:

- Hefðum þurft að ná betri kynningu meðal krakkanna sjálfra – sem myndi ekki gerast nema við myndum nýta betur tengsl í skólunum með því að kennarar auglýstu hátíðina beint. Treystum á foreldra sem voru kannski ekki nægilega dugleg að sækja (suma) viðburði með börnum sínum.
- Erfiður tími í febrúar, t.d. slæmt veður og hálfka, sem háði einhverjum leikskólahópum að mæta á bíósýninguna sem þeir áttu skráða þátttöku á.

Jákvætt:

- Erum sammála um að þetta væri góð hugmynd sem hefði tekist ágætlega miðað við að hún væri prófuð í fyrsta skipti. Margt var í gangi og það gefur tilefni til að þróa síðar ef hátíðin heldur áfram.
- Yfirleitt góð þátttaka á viðburði þótt hún væri misjöfn eftir því hver í hlut átti. Bæjarbíó naut greinilega góðs af hátíðinni en Bókasafnið síður að séð væri. Fyrir Hafnarborg hjálpaði hún að auglýsa viðburði sem voru í gangi.

Vangaveltur:

1. Tímasetning hátíðarinnar hentaði einstaka aðilum misvel, sérstaklega hentaði hún illa fyrir Bókasafnið sökum þess hve nálægt Safnanótt hátíðin var. Einnig var hún nálægt öðrum þáttum í skólastarfinu, s.s. öskudegi, skipulagsdegi og vetrarfríi, og önnur verkefni kölluðust því á um undirbúningstíma sömuleiðis. Spurning um að skoða frekar tímasetningu hátíðarinnar haldi hún áfram, t.d. aðeins síðar (kringum mánaðarmótin febrúar/mars eftir vetrarfríið).
2. Þurfum að ná betur til barnanna sjálfra með kynningu á hátíðinni og treysta síður á foreldra.
3. Nauðsyn á frekari viðburðum á hátíðinni og tengjast bókum sem ná til barnanna (því bíóið náði frekar til þeirra).

Hafnarfirði 4. mars 2016.

f.h. undirbúningshópsins.


Vigfús Hallgrímsson,
þróunarfulltrúi grunnskóla




15. – 21. febrúar 2016

Bóka- og bíóhátíð barnanna

Bækur	Bókabingó	Bóka- ratleikur
Sýningar	Ljóða- og sögugerð	Smiðja
Kvikmyndasýningar með kynningum	Bókabýttimarkaður	

Nánari dagskrá er að finna á vef Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is

Fjöldi frírra viðburða í boði hjá:

Bókasafni Hafnarfjarðar	Byggðasafni Hafnarfjarðar	Bæjarbíó	FRÐI verslunar- miðstöð	Hafnarborg	 HAFNARFJÖRDUR	Grunnskólum Hafnarfjarðar	Leikskólum Hafnarfjarðar
----------------------------	------------------------------	----------	-------------------------------	------------	---	------------------------------	-----------------------------



DAGSKRÁ
15. – 21. febrúar 2016



Bóka- og bíóhátíð barnanna

Í **leikskólum bæjarins** verður þessa daga mikil áhersla á bækur, sögur, sögulestur og hlustun.

Lokahátíðir **Stóru upplestrarkeppninnar** verða haldnar í grunnskólunum þar sem foreldrum 7. bekkinga er boðið að hlusta á upplestur og framsögn nemenda í 7. bekkjum.

Í **Hafnarborg** stendur yfir sýning á verkum Ragnhildar Jóhannsdóttur. Í verkum sínum leggur Ragnhildur áherslu á tungumálið þar sem hún leitast við að skapa sjónræn ljóð í formi skúlptúra, klippimynda og teikninga. Hafnarborg er opin kl. 12-17 alla dagana nema þriðjudaginn, Skólahópar á leik- og grunnskólastigi geta einnig pantað heimsókn sérstaklega og fengið leiðsögn um sýninguna.

Byggðasafn Hafnarfjarðar býður skólahópum að koma virka daga á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði og aðrar fastar sýningar á safninu. Pantað hjá Byggðasafninu.

Bíósýningar í **Bæjarbíói** og **opnunarhátíð**.

Í **Bókasafni Hafnarfjarðar** verður fjölbreytt dagskrá í gangi **alla** dagana:

Ljóð unga fólksins. Landskeppni 4.-10. bekkinga í ljóðaskrifum. Nemendur skila ljóðum á bóka-/skólabókasafnið eða rafrænt á vef bókasafnsins. Nánari upplýsingar á næsta bókasafni eða skólabókasafni!

SMS örsögukeppni. Þema keppninnar er „lestur“. 35 orða örsaga send í #6960035 í síðasta lagi 21. febrúar. Góð verðlaun í boði fyrir 1.-3. sæti.

Foreldrar barna á leik- og grunnskólaaldri fá afslátt af nýju bókasafnsskírteini. Árgjald á 1.000 kr. í stað 1.900 kr. Foreldrar eru fyrirmynd barna sinna í lestri.

Útlánaleikur. Allir sem taka barnabók/-bækur að láni þessa daga fá þátttökuseðil. Vinningar verða dregnir út og heppnir lestrarhestar fá bókaverðlaun.

Semjum sögu saman. Saga skrifuð með þátttöku þinni á umbúðapappír á barnadeild bókasafnsins.

EKKI dæma bókina eftir bíómyndinni. Bókaústilling á bókum og bíómyndum gerðum eftir þeim.

Eins og endranær býður safnið **skólahópum leik- og grunnskólabarna** að koma í sögustund eða safnkynningu. Pantað hjá bókasafninu.

FRÍTT

Frír aðgangur á alla viðburði hátíðarinnar!

MÁNUDAGUR

15. FEBRÚAR

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framar.

ÞRIÐJUDAGUR

16. FEBRÚAR

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 (OPNUNARHÁTÍÐ) fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Ratleikur frá kl. 14-19 (bækur og bíó) en safnið opið frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framar.

MIDVIKUDAGUR

17. FEBRÚAR

Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Bókabingó kl. 17 en opið er frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framar.

FIMMTUDAGUR

18. FEBRÚAR

Bæjarbíó: Bíósýning kl. 9.30 og 10.30 fyrir 4-5 ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Heimanámsaðstoðin Heilahristingur kl. 15-17 en safnið er opið frá kl. 10-19 fyrir öll verkefni sem eru kynnt hér framar.

FÖSTUDAGUR

19. FEBRÚAR

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framar.

Grunnskólarnir: Dagskrá í hverjum grunnskóla bæjarins fyrir nemendur í öllum árgöngum. Áherslan verður á bókakynningar, upplestur úr bókum og kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir bókum og henta börnum á ólíkum aldri. Dagskrána verður að finna á heimasíðum skólanna.

LAUGARDAGUR

20. FEBRÚAR

Fjörður: Bókabýttimarkaður barna kl. 13-15. Opinn markaður þar sem börn á grunnskólaaldri geta komið með „gömlu“ bækurnar sínar og selt á 200 kr. eða bytt á bókum (á jöfnu) svo komið sé heim með „nýjar“ í staðinn. Mæting á söluborð er kl. 12.45 en þeim verður dreift um alla 1. hæð Fjarðar.

Bæjarbíó:

kl. 13.00 **Lína langsokkur.**

kl. 15.00 **Benjamín dúfa.**

kl. 20.00 **Englar alheimsins.**

Einar Már Guðmundsson höfundur skáldsögunnar að baki kvikmyndinni verður með inngang að sýningunni.

Bókasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-15 fyrir öll verkefni sem kynnt eru hér framar.

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði.

SUNNUDAGUR

21. FEBRÚAR

Hafnarborg: Smíðja kl. 14 um endurnýtingu bóka. Unnið verður með texta, samklipp og origami. Í byrjun smíðjunnar verður boðin leiðsögn um sýningu Ragnhildar Jóhannsdóttur í Sverrissal Hafnarborgar. Efniviður Ragnhildar eru notaðar bækur sem í meðförum hennar umbreytast og öðlast þar með aðra tilvist. Starfsfólk Hafnarborgar leiðir smíðjuna.

Bæjarbíó:

kl. 13.00 **Múminálfarnir.**

kl. 15.00 **Hrafnar, Sóleyjar og Myrra.**

Höfundar bókarinnar að baki kvikmyndinni Eyrún Jónsdóttir og Helgi Sverrisson munu vera með inngang að sýningunni.

kl. 20.00 **Djöflæyjjan.**

Einar Kárason höfundur skáldsögunnar að baki kvikmyndinni verður með inngang að sýningunni.

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Opið kl. 11-17 á sérstaka sýningu um sögu kvikmyndahúsanna í Hafnarfirði.

Nánari dagskrá er að finna á vef Hafnarfjarðar www.hafnarfjardur.is



HAFNARFJÖRÐUR